

setta héraðslækni í austurhéraði norður- og austurumdæmisins hefir stjórnarráðinu ekki fundizt ástæða til að veita neitt endurgjald, og mun stjórnarráðið sjá um að sá, sem embættið verður veitt, verði skyldaður til að fara þessar ferðir kauplaust.

1871.
24. janúar.

7. Bréf dómsmalastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skipstrand og gripdeildir enskra sjómanna.

24. janúar.

Í bræfi 6. f. m. hefir utanríkisstjórnin, eptir tilhlutun hins frakkneska sendiboða í Danmörku, mælt til, að dómsmalastjórnin annaðhvort sendi svo fljótt sem verður reikningana viðvikjandi hinu strandaða fiskiskipi »Emilie« D 53 frá »Dunkerque«, eða, ef þetta ekki er hægt, láti til skýrslur, svo hún fullkomlega geti skýrt sendiboðanum frá, hversvegna málið hafi dregizt.

Útaf þessu gefst utanríkisstjórninni til vitundar, að þessir reikningar komu ekki hingað með síðasta póstskipi frá Íslandi í miðjum fyrra mán., eins og þó búizt hafði verið við. Með því málið með þessu móti ekki mun verða á enda kljád fyr en í vor, þegar gufuskipsferðirnar byrja aptur til Íslands, skal stjórnarráðið samkvæmt tilmælum utanríkisstjórnarinnar ekki leiða hjá sér, að skýra frá þeim atvikum við þetta strand, sem því eru kunnug.

Eins og sjá má af skjölum þeim, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu sendi utanríkisstjórninni beina leið, en hún aptur sendi hingað með bræfi, dagsettu 18. febrm. 1869, rak skipið á grunn við Skagann í norður- og austurumdæminu, og skildu skipverjar þar við það; fundu síðan tveir enskir skipstjórnarmenn skipið á Skagafirði, og sigldu með það uppá Siglu-fjörð 5. ágúst 1868; hreppstjórinn þar lét þá láta alla lausa muni ofan í farmrúm skipsins, og setti innsigli bæði fyrir farmrúmið og fyrir káettuna. Nóttina milli 6. og 7. s. m. var farmrúmið rífið upp og káettan brotin, höfðu þá skipverjar af hinu enska skipi »Onward«, er skipstjórnarmaður »Abe« stýrði, rænt þar, og tekið alla kaðla af skipinu og það, sem laust var, en skipstjóri skilaði því þó að mestu leyti aptur, og var þá ekki gjört neitt

1871.

24 janúar.

frekara við hann og menn hans. Þegar hlutaðeigandi sýslumaður var kominn til Siglufjarðar, voru nefndir fjórir skoðunarmenn til að halda skoðunargjörð yfir hið brotna skip, og voru til þess eknir tveir íslenskir timbursmiðir og tveir danskir skipstjórnamenn; timbursmiðirnir álitu, að ekki væri hægt að gjöra að skipinu svo á Íslandi, að það yrði haffært, en hinir höldu, að það mætti. Sýslumaður féllst á skoðun hinna íslensku timbursmiða, og ákvarðaði, að selja skyldi skipið svo sem brotið, með öllu tilheyrandi; var síðan haldið uppboð 15. og 16. s. m. og skipið selt öðrum hinna íslensku skoðunarmanna, sem skömmu seinna gjörði að skipinu og sigldi á því til Akureyrar. Með því stjórnarráðinu varð að finnast aðferð sýslumanns nokkuð ísjárverð, þá er hann dæmdi skipið óhaffært og seldi það, og með tilliti til þess, hvernig farið var með þjófnadarmál skipshafnarinnar á »Onward«, var amtmadurinn yfir norður- og austurumdæminu með bréfi 9. marz 1869 beðinn að leita álits sýslumannsins um þetta, og þá, ef málavextir væri til þess, að láta höfða rannsókn gegn þeim tveimur íslensku skoðunarmönnum fyrir aðferð þeirra. Um leið og reikningarnir viðvíkjandi strandinu, sem fylgdu fyrnefndu bréfi utanríkisstjórnarinnar, voru sendir amtmanni aptur, var hann, eins og utanríkisstjórninni mun vera kunnugt, beðinn um, að veita Oddi Gíslasyni, Lloyds-erindisreka, sem hafði gefið sig fram sem fulltrúi eiganda skipsins, hlutaðeiganda strandbóta-félags, og hinna ensku skipstjórnamanna, sem höfðu komið skipinu inn á Siglufjörð, — en hann hafði borið sig upp undan því, sem gjörzt hafði, — kost á, að segja álit sitt um reikningana, og svo, ef þörf væri á, færa niður reikningana, og semja nýjan aðalreikning, sem stjórnin gæti sent hlutaðeiganda. Þenna aðalreikning höfum vèr, eins og drepíð var á, enn ekki fengið, og höfum vèr, eins og utanríkisstjórninni er kunnugt, ítrekað skipun vora í bréfi til amtmannsins 10. ágúst f. á. Samt sem áður sèst það af skýrslu frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, dagsettri 2. febrúarm. f. á., að jafnskjótt og honum barst bréf stjórnarráðsins 9. marz 1869, hefir hann leitað álits fyrnefnds fulltrúa, en hann gaf amtinu til kynna ekki fyr en 24. júní s. á., að hann hefði skrifað eigendum skipsins og þeim,

sem höfðu bjargað því, og vænti eftir álit þeirra, og það hefir antið ekki fengið ennþá.

1871.
24. janúar.

Þar sem það nú reyndar er líklegt, að málið hafi dregið nokkuð sökum þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurum-dæminu, Havstein, í þessu millibili hefir verið leystur frá embætti sínu, og hlutaðeiganda sýslumanni vikið frá embætti um stundar sakir, má samt sjá af því, sem sagt er að framan, að dráttur málsins sè að mestu leyti að kenna sjálfum fulltrúa skipseigandanna eða strandbótafélagsins, fyrnefndum Lloyds erindsreka, Oddi Gíslasyni, enda liggur það í augum uppi hvernig sem málinu er varið, að það var gjört í hag eigandanna eða strandbóta-félagsins, að senda aptur til Íslands aðalreikninginn viðvíkjandi strandinu, svo hann yrði rannsakaður og saminn aptur á ný.

Að endingu skal því við bætt, að þó búast megi við þessum skjölum með fyrsta pósti frá Íslandi í vor, hefir stjórnarráðinu fundið réttast eigi að síður, að minna amtmanninn aptur á málið.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækku á afgjaldi af nokkrum jörðum Kirkjubæjar klausturs.

24. janúar.

Eftir að stjórnarráðið, sökum tjóns þess, er jarðir Kirkjubæjar klausturs: Hátún, Dalbær, Uppsalar og Fagurhlíð, höfðu beðið af sandfoki um veturinn 1868—69, í bræfi, dagsettu 9. júlím. f. á.¹ hafði veitt landsetunum á þessum jörðum um tvö hin næstu ár lækku á afgjaldinu af jörðunum, sumsè af Hátúni 15 áln., af Dalbæ 20 áln., af Uppsölum 10 áln. og af Fagurhlíð 13 áln., hafið þær, herra stiptamtmaður, í bræfi 1. nóvbr. f. á. skýrt frá, að tæðar jarðir hafi aptur rýrnað mjög af sandfoki um veturinn 1869—70. Umboðsmaðurinn hefir útaf þessu farið þess á leit, að hinum nefndu landsetum verði veitt enn fremur linun í afgjaldinu, og

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 81.